

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frá 12. desember 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 28. janúar 2004.

*Gjört á Bessastöðum, 12. desember 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*

Alþingi samþykkti hinn 15. desember 2003 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frestað hinn 15. desember 2003.

*Forsætisráðuneytinu, 15. desember 2003.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*